

Fréttabréf ÞFÍ 1-2016

Forsíða:

Afmælishátíð Vesturfarasetursins á Hofsósi í Hörpunni

Í sumar eru 20 ár liðin frá opnun Vesturfarasetursins á Hofsósi. Af því tilefni hyggst Þjóðræknisfélagið í samstarfi við Vesturfarasetrið og Hörpuna efna til fagnaðar í Silfurbergi í Hörpunni sunnudaginn 13. mars nk. kl. 13.00. Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti Íslands mun ávarpa samkomuna, Karlakórinn Heimir úr Skagafirði mun syngja nokkur lög og farið verður yfir sögu Vesturfarasetursins í máli og myndum með skemmtilegu ívafi. Á samkomunni verður undirritaður samstarfssamningur milli Vesturfarasetursins og Hörpunnar og mun Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra opna sýninguna "Þögn leiftur" í Hörpunni. Félagsmenn og velunnarar Þjóðræknisfélagsins og Vesturfarasetursins eru hvattir til að mæta í Hörpuna og samgledjast með Vesturfarasetrinu og starfsemi þess.

Valgeir Þorvaldsson, frumkvöðull að stofnun og uppbyggingu Vesturfarasetursins, hefur verið forstöðumaður setursins frá upphafi. Hann hefur með starfseminni lyft Grettistaki í að efla samskipti Vestur-Íslendinga við ættmenn og uppruna sinn á Íslandi. Flestir Vestur-Íslendingar þekkja til safnsins og ófár þeirra telja heimsókn á Vesturfarasetrið vera einn af hápunktum Íslandsheimsóknar sinnar.

Þjóðræknisfélagið hefur átt afar gott og uppbyggilegt samstarf við Vesturfarasetrið og hefur Þjóðræknisþing nokkrum sinnum verið haldið á Hofsósi. Frá upphafi Snorraverkefnanna hafa þátttakendur verkefnanna haft viðdvöl og gist á Hofsósi.

Laugardaginn 9. júlí nk. verður efnt til veglegrar hátíðar á Hofsósi í tilefni af 20 ára afmæli Vesturfarasetursins. Þá verður opnuð sýning sem gerir skil sögu landnáms Íslendinga í Brasilíu. Félagsmenn Þjóðræknisfélagsins eru hvattir til að mæta á staðinn.

Í apríl 2017 er áformað að halda samkomu í Vancouver þar sem m.a. Karlakórinn Heimir mun syngja.

Á árinu 2018 verður opnuð á Hofsósi sýning helguð landnámi Íslendinga á Kyrrahafsströnd Bandaríkjanna og Kanada.

Mynd 1: Vesturfarasetrið á Hofsósi

Bls. 2:

Menningarfundur um ógiftar konur og róttæka Íslendinga í Vesturheimi

Það var rífastemning og fullur salur af fólki á menningarfundi Þjóðræknisfélagsins 14. janúar sl. Dr. Sigríður Matthíasdóttir sagði frá ógiftum konum sem fluttu frá Íslandi til Vesturheims um aldamótin 1900, náðu fótfestu í samfélaginu og létu drauma sína rætast. Dr. Sigríður telur að ákveðinn hópur einhleypra kvenna hafi „gleymst“, bæði í sögu vesturferða og íslenskri kvenna- og kynjasögu. Þær eru ekki hluti íslenskrar embættismannastéttar en virðast heldur ekki tilheyra lægstu þjóðfélagshópum - voru t.d. ekki vinnukonur nema í stuttan tíma ævi sinnar ef þær voru það á annað borð. Þær eru þarna á milli og mikilvægt er að skilgreina í hverju staða þeirra felst. Dr. Vilhelm Vilhelmsson sagði frá um fámennum en áberandi hópi íslenskra innflytjenda í Manitoba á árabílinu 1890-1910, konum sem körlum, sem aðhylltust róttækar pólitískar skoðanir og gáfu út blöð málstaði sínum til framdráttar. Á milli erinda frumflutti Halli Reynis trúbador eigin lög og texta sem fjölluðu um íslensku vesturfaranna. Fyrir fundinn var boðið upp á kaffi og kleinur.

Mynd 2: Þátttakendur á menningarfundi ÞFÍ

Bls: 2

Heiðursráð ÞFÍ

Aðalfundur Heiðursráðs ÞFÍ var haldið var 12. nóvember sl. Þrír nýir aðilar koma í ráðið: Jón Atli Benediktsson, háskólarektor í stað Kristínar Ingólfssdóttur, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Gylfi Sigfússon forstjóri Eimskips. Valgeir Þorvaldsson forstöðumaður Vesturfarasetursins var heiðursgestur fundarins og gerði grein fyrir rekstraráformum safnsins. Halldór Árnason, formaður ÞFÍ, sagði frá starfi félagsins undanfarin misseri. Birna Bjarnadóttir fv. prófessor við háskólann í Manitoba sagði frá stofnun íslenskudeildarinnar þar. Loks greindi Guðrún Nordal frá framgangi verkefnisins „Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi“ sem heiðursráðið hafði forgöngu um í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Formaður Heiðursráðsins er Svavar Gestsson.

Bls. 2:

Fyrir Snorrrar í starfsnámi á Vesturfarasetrinu á Hofsósi

Í samstarfi Þjóðræknisfélagsins, Vesturfarasetursins, Sendiráðs Kanada og Sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi og Ícelandair verður líkt og í fyrra fyrir þátttakendum í Snorraverkefninu, einum frá Kanada og einum frá Bandaríkjunum, boðið að starfa á Vesturfarasetrinu á Hofsósi í allt að 10 vikur í sumar. Gert er ráð fyrir að þau tvö sem valin verða frá sitt hvoru landinu komi til Íslands fyrri hluta júní og dvelji hér til loka ágúst. Þjóðræknisfélagið heldur utan um umsóknarferlið og að útvega þátttakendum húsnæði og fæði fyrstu og síðustu vikuna þegar dvalið er í Reykjavík.

Mynd 3: Snorrrar 2015

Bls. 3:

Íslenska landnámið í Spanish Fork, Utah 160 ára

Þjóðræknisfélagið stóð fyrir 11. nóvember sl. afar áhugaverðum fræðslufundi um íslenska landnámið í Spanish Fork í Utah í tilefni þess að 7. september sl. voru 160 ár liðin frá því að fyrstu Íslendingarnir komu til fyrirheitna landsins Salt Lake dalsins í Utah.

Í tilefni fundarins var sett upp sýning Björns G. Björnssonar leikmyndahönnuðar á ljósmyndum, teikningum og ýmsum gögnum sem féllu til við leikmyndagerð Björns fyrir sjónvarpsmyndina sem gerð var eftir Paradísarheimt Laxness árið 1979 bæði hér heima, í Utah og víðar. Á fundinum sagði Björn frá tilurð leikmyndarinnar.

Kári Bjarnason forstöðumaður Safnahúss Vestmannaeyja flutti erindi um *upphaf Vesturheimsferða og afdrif þeirra er fluttust til Utah 1855-1914*. Guðmundur Hálfðánarson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands flutti erindi sem hann nefndi „*Ertu á förum elsku vinur*“: *Ísland á tímum vesturferða*. Loks flutti Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu og bókmenntafræðingur erindi sem hann nefndi *Á góðum skóm með réttar skoðanir - Utah og Paradísarheimt Halldórs Laxness*. Allir höfðu fyrirlesararnir flutt erindi sín á sérstakri afmælishátíð sem fram fór í BYU-háskólanum í Provo í Utah 11. september sl. Að erindum loknum var boðið upp á kaffi kleinur og pönnukökur og almennt spjall.

Mynd 4: Fyrirlesarar á fræðslufundi ÞFÍ

Bls 3:

Þakkir til Atla Ásmundssonar

Stjórn Þjóðræknisfélags Íslendinga hefur fært Atla Ásmundssyni fv. aðalræðismanni Íslands í Winnipeg og heiðursfélaga ÞFÍ sínar bestu þakkir fyrir framtak hans við að kynna Íslendingum íslensku arfleifðina í Norður-Ameríku á undanförunum árum. Atli hefur frá vorinu 2013 haldið um 50 erindi víðs vegar um Ísland á vegum utanríkisráðuneytisins og í samstarfi við heimamenn á hverjum stað þar sem hann segir frá kynnum sínum af afkomendum íslensku landnemanna í máli og myndum. Það er Þjóðræknisfélaginu mikill heiður að hafa átt samstarf við Atla um þetta verkefni. Einlægar og lifandi frásagnir hans hafa m.a. orðið til þess að fjölga félagsmönnum Þjóðræknisfélagsins umtalsvert.

Mynd 5: Atli Ásmundsson

Bls. 3:

Snorri-West – langar þig til Norður-Ameríku í sumar?

Snorri West er 4 vikna sumarferðalag um Íslendingabyggðir í Norður-Ameríku fyrir ungt fólk 18-28 ára. Verkefnið stendur yfir í 4 vikur, frá 7. júlí til 5. ágúst. Árlega eru 4 einstaklingar af báðum kynjum valdir til þátttöku. Verkefnið nýtur stuðnings styrktaraðila vestra og er þátttökugjaldið aðeins 2.500 CAD. Innifalið er flug, ferðir innanlands, skoðunarferðir, fullt fæði, húsnæði og margt fleira. Þátttakendur heimsækja byggðir Vestur-Íslendinga í Minnesota, Norður-Dakota og Manitoba þar sem þátttakendur heimsækja Winnipeg, Brandon og Íslendingasvæðin vestan af Winnipegvatni. Þeir taka þátt í Íslendingahátíðunum í Mountain, Norður-Dakota og í Gimli, Manitoba. Að auki verður boðið upp á margvíslega afþreyingu, grillveislur, tónleika og samverustundum með fjölskyldum af íslensku bergi. Íslendingafélög á hverjum stað sjá um skipulagningu ferðarinnar. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð má finna á www.snorri.is og á skrifstofu Snorrasjóðs, Óðinsgötu 7. Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2015

Mynd 6: Snorri West þátttakendur 2015

Bls 4:

Mættu á aðalfund ÞFÍ 20. apríl

Aðalfundur Þjóðræknisfélagsins 2015 verður haldinn miðvikudaginn 20. apríl nk. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, sbr. 3. gr. laga félagsins, s.s. skýrsla félagsstjórnar flutt, reikningar félagsins lagðir fram, stjórnarkjör og önnur mál. Að loknum aðalfundarstörfum verður erindi tengt starfsemi félagsins. Dagskrá aðalfundarins er hefðbundin en í lok hans verður boðið upp á fróðlegt erindi. Upplýsingar um staðsetningu og nánari dagskrá má finna á heimasíðu ÞFÍ www.inl.is þegar nær dregur.

Bls 4:

Þjóðræknisþing á Hótel Natura 28. ágúst 2016

Þjóðræknisþing ÞFÍ verður haldið á Hotel Natura í Reykjavík sunnudaginn 28. ágúst nk. og hefst kl. 14 líkt og undanfarin þrjú ár. Að vanda verður dagskráin fjölbreytt og áhugaverð. Þjóðræknisþingið hefur verið vel sótt og í fyrra mættu yfir 200 manns. Félagsmenn eru hvattir til að taka frá þennan tíma.

Bls. 4:

Árþing þjóðræknisfélaganna í Vesturheimi

Árþing þjóðræknisfélaganna í Vesturheimi verður haldið í Vancouver í Kanada dagana 29. og 30. apríl nk. undir heitinu Strandarsaga. Þar mæta um eða yfir 200 fulltrúar af íslenskum ættum frá öllum Íslendingafélögum í Norður-Ameríku. Þessi þing eru einskonar ættarmót þar sem fólk á öllum aldri koma saman, hlýða á fjölbreytt og fróðleg erindi og skemmta sér saman. Þessi þing gefa okkur kjörið tækifæri til að upplifa fjölbreytnina í íslensku þjóðrækninni í Vesturheimi. Degi fyrir þingið verður boðið upp á skoðunarferð um miðbæinn og verslunarmiðstöðina Lonsday Quarry Market. Degi eftir þingið verður boðið upp á heimsókn á dvalarheimilið Höfn Icelandic Harbour og Scandinavian Community Centre þar sem sérstakt herbergi er tileinkað Íslandi. Nánari upplýsingar um þingið eru á slóðinni: <http://inlofna.org/2016-Convention-in-Vancouver>

Mynd 7: Frá Vancouver

Bls 4:

Munið að greiða árgjaldið

Greiðsluseðill vegna árgjalds Þjóðræknisfélagsins fyrir árið 2016 að upphæð 3.000 kr. hefur verið sendur félagsmönnum í heimabanka þeirra. Árgjaldinu, sem er óbreytt frá fyrra ári, er félaginu ákaflega þýðingarmikið þar sem tekjur af því standa undir stórum hluta af starfsemi félagsins. Við biðjum félagsmenn góðfúslega að greiða greiðsluseðilinn strax svo það gleymist ekki.

Ferðir á Íslendingaslóðir í sumar

Líkt og undanfarin ár munu Bændaferðir skipuleggja ferðir á Íslendingaslóðir í sumar. Sú fyrri er til Minnisóta, Norður-Dakóta og Manitoba 13. – 22. maí. Sú seinni er 27. júlí – 6. ágúst á svipaðar slóðir með þátttöku á Íslendingahátíðunum í Mountain og Gimli. Frekari upplýsingar veitir Jónas Þór hjá Bændaferðum.

Mynd: Minnismarki Stephans G í Gardar